



Fundargerð stjórnar LSS

| | |
|--|---|
| Fundarstjóri: Stefán Pétursson, formaður LSS. | Fundur nr. 266 |
| Fundarritari: Hermann Sigurðsson | Reykjavík, 27.04.18 |
| Mættir: Ásgeir Þórisson, gjaldkeri LSS. Guðrún Hilmarsdóttir, skrifstofustjóri LSS. Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri LSS. Jón Pétursson, formaður fagdeildar slökkviliðsmanna. Lárus Steinþór Björnsson, varaformaður LSS. Magnús Smári Smáráson, ritari LSS. Njáll Pálsson, formaður fagdeildar sjúkraflutningamanna. Pétur Arnarsson, formaður fagdeildar slökkviliðsstjóra. Stefán Pétursson, formaður LSS. | Fundarstaður: Brautarholt 30 105 Reykjavík Frá kl. 09:30 Til kl. 10:30 |
| Fjarverandi: | |

Dagskrá:

| Nr. | Fundarefni | Ábyrgð |
|-----|--|--------|
| 1. | Setning SP setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. | SP |
| 2. | Fundargerð síðasta fundar Fundargerð síðasta fundar var samþykkt. | SP |
| 3. | Inntaka nýrra félaga Enginn nýr félagi. | SP |
| 4. | Starfið á milli funda Formaður LSS þakkar stjórnarmönnum fyrir ötull starf sl. tveggja ára í þágu sinna félagsmanna. Hann óskar þeim stjórnarmönnum sem hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér aftur í stjórn velfarnaðar í starfi og leik. Þó er vitað að hægt verði að leita til þeirra í ákveðin tiltekin verkefni. Formaður vonast eftir góðu og málefnalegu þingi og óskar öllum stjórnarmönnum góðs gengis. | SP |
| 5. | Undirbúningur fyrir 17. þing LSS Undirbúningur fyrir þingið er lokið. Farið var yfir kynningar og staðan tekin á helstu málaflokkunum. --- - Dagskrárbreytingartillaga. Erindi frá fulltrúum SHS tekið fyrir þar sem óskað var eftir dagskrárbreytingartillögu. Henni verður komið til þingforseta. -Kjörnefnd. Annað erindi barst skrifstofu SHS vegna atkvæðavægis og var því komið til kjörnefndar. Kjörnefnd gerir grein fyrir afstöðu sinni til þeirra tveggja erinda sem bárust til hennar. | LSB |
| 6. | Fjármál - Ársuppgjör og staða sjóða Farið var yfir skýrslur endurskoðenda fyrir alla sjóði. Skoðun ársreikninga er lokið en fullri endurskoðun á öðrum þáttum s.s. ferlum ofl. lýkur 7. maí og munu skýrsla berast til stjórnar í kjölfarið. | HS |



| | | |
|----|---|-------|
| | Stjórn kvittaði undir reikninga félagssjóðs, orlofssjóðs og styrktarsjóðs. Tryggingasjóður og starfsmenntunarsjóður eru skipaðar sérstökum stjórnnum og munu þeir aðilar kvitta undir þá reikninga fyrir hönd stjórnar. Stjórn skoðaði þá reikninga og samþykktu fyrir sitt leyti ásamt fulltrúm vinnuveitenda. | |
| 7. | Önnur mál Engin. Fleira ekki tekið fyrir og fundi er slitið kl. 10:45 Næsti fundur stjórnar var ekki ákveðinn. Fundargerð ritaði HS. | Allir |